

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Sjóstangveiðar sem atvinnugrein innan ferðaþjónustunnar á Íslandi er ung, jafnvel svo að aldur hennar í árum verði jafnvel talinn á fingrum annarrar handar. En eins og þessi mál hafa þróast hér má skipta greininni í fjóra mismunandi hópa sem þó allar byggja á því að selja aðgang að fiskveiðilögsögunni með einum eða öðrum hætti.

Í fyrsta hópi eru bátar tiltölulega stórir með íslenskum skipstjóra. Hér er fargjaldið selt og túrin tekur fáar klukkustundir. Nær undanteknignarlaust eru veiðarfæri, sjóstöng með öllu tilheyrandi innifalin í fargjaldi. Oftar en ekki er veiðin hluti ferðar sem annars er gerð til að skoða náttúruna frá öðru sjónarhorni en sést í landi. Þessi útgerð er stunduð nokkuð víða um land ýmist bundin áætlun, selt í tilfallandi túra eða leigt hópum. Enginn aðili, svo ég hafi heimildir um, sem gerir út með þessum hætti setur afla á löggilta vog þegar í land er komið né geldur fyrir með aflaheimildum enda fæstir, ef nokkur, með veiðileyfi. Þessi útvegur innan ferðaþjónustunnar er sá elsti af þeim fjórum sem ég vil tiltaka.

Í öðrum hópi eru það smábátar, innan sex metranna, skemmtibátar gjarnan með utnaborðsvél eða jafnvel róíð. Leigðir til hvers sem hafa vill, innlendra sem útlendra, með veiðistöng til að renna fyrir fisk úti fyrir viðkomandi strönd. Eins og í fyrri flokknum er um útleigu að ræða sem er til fárra klukkutíma í senn. Bátarnir eru óskráðir, enda ekki ætlast til þess og veiðin ekki vegin þegar í land er komið og sem fyrr ekki veiðileyfi til að dreifa.

Í þriðja hópnum er um að ræða útgerð sem hófst árið 2006 í Súðavík og á Tálknafirði en er nú stunduð einnig á Bíldudal, Flateyri og Suðureyri. Hér er um að ræða báta sem allir eru byggðir sem íslensk fiskiskip og hafa veiðileyfi. Hópar veiðimanna, enn sem komið er aðallega Þjóðverjar, leigja bát viku í senn til veiða. Allur afli þessara báta er veginn á löggilttri vog og fyrir honum eru aflaheimildir. Bátarnir eru leigðir án skipstjóra.

Í fjórða hópi eru strandveiðar. Strandveiðin, sem atvinnugrein innan ferðaþjónustunnar, hófst fyrir tveimur árum og byggir á því að leiðsegja erlendum ferðamönnum við veiðar af bryggjum, hafnargörðum eða strönd. Enn sem komið er er þetta eingöngu stundað á Reykjanesi, það ég best veit.

Ég tel að sjóstangveiðarnar, eins og ég geri grein fyrir þeim hér að ofan, eigi allar rétt á sér og séu mikilvægar og hafi vaxandi vægi innan ferðaþjónustunnar á Íslandi. Fyrstu tvær greinarnar eru nýttar af “gestum og gangandi” þ.e. gangandi traffik, afþreying sem ekki var inni á dagskrá gestins en kemur sem skemmtileg viðbót, oftar en ekki yndisleg upplifun.

Hvorugur þessara hópa veiðir mikið enda ferðin ekki farin til að veiða mikið magn en veiða einhverja fiska til eigin nota.

Þriðji hópurinn er hins vegar, enn sem komið er, sá afkastamesti. Útlit er fyrir að á Íslandi öllu verði gerðir út allt að 50 bátar sumarið 2008 og að heildarveiði þeirra láti nærri að verða 300 tonn upp úr sjó.

Fjórði hópurinn er sennilega enn sem komið er sá minnsti en hefur möguleika á að vaxa mikið og það um allt land.

Allir hóparnir eru mikilvægir, þó vægið sé mismunandi. Allir ættu þeir að vera jafnir fyrir lögnum þó svo sé ekki í dag. Aðeins einn hópurinn er, að því er virðist, leyfisskyldur a.m.k. hefur ekki öðrum verið gert að afla veiðileyfis og gera grein fyrir afla.

Verði frumvarpið að lögum, óbreytt, geri ég ráð fyrir að tveimur fyrst töldu hópnum verði gert ókleift að starfa. Það væri mikill skaði ef svo færi og vart trúað að það sé tilgangur frumvarpsins. Hvað strandveiðina snertir sýnast engin lög né reglur ná yfir hana enda nýr útvegur þó svo þjóðin hafi stundað og stundi enn að veiða af bryggjum. Mikilvægt er að þær reglur sem við lýði eru eða virkjaðar verða styðji jafnrétti þegnanna, jafnrétti fyrirtækja sem í þessum útvegi starfa en svo er ekki í dag.

Ástæða er til að gerð verði úttekt á sjóstangveiðinni á Íslandi, mikilvægi hennar sem atvinnugreinar, hve mikill aflinn er og koma regluverkinu í starfhæft horf þannig að ekki sé íþyngjandi né komi í veg fyrir að hún geti þróast í landinu. Í regluverkinu þarf að tryggja jafnræði eins vel og hægt er innan sjóstangveiðinnar og milli þeirra hópa sem nýta auðlindina, fiskinn í sjónum.

Sú hefð, reglur, er til staðar að fiskimenn taki með sér heim til eigin nota hluta afla veiðiferðarinnar. Þá er ekki spurt um ríkisfang skipsmanns í því sambandi enda er öll skipshöfnin jöfn fyrir þessari reglu.

Þessu er hins vegar ekki til að dreifa hvað útgerð skv. hópi þrjú hér að ofan snertir. Skipsmenn bátanna rúmlega fjörutíu sem gerðir eru út frá Vestfjörðum í þessum flokki láta aflaheimildir á móti öllum þeim fiski sem þar er dreginn þó svo þeir fái hluta hans með sér heim að dvöl lokinni.

Til að jafna þann aðstöðumun sem nú er milli einstakra aðila í sjóstönginni og almennra fiskimanna á Íslandi þyrfti flokkur þrjú að fá allt að 50 kg fiskjar upp úr sjó utan kvóta til að mæta þessari sjálfsögðu kröfu.

Að lokum vil ég benda nefndarmönnum Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis á að í gangi er starf nefndar sem í eiga sæti fulltrúar ferðaþjónustunnar, Sjávarútvegsráðuneytisins, Fiskistofu, Samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar. Hlutverk nefndarinnar er að fara í gegnum allt regluverk sem að sjóstönginni lýtur og heyrir undir nefnd ráðuneyti.

Undirritaður leggur til, með ofanritað í huga, að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað þar til annarri endurskoðunarvinnu er lokið.

Seltjarnarnesi, 10. febrúar 2008.

f.h. Sumarbyggðar hf.

Finnur Jónsson